



DISTICA

FRÉTTABRÉF

Maí 2022

Þjónustumolinn afhentur í fyrsta sinn

Bílstjórarnir okkar hlutu nýverið þjónustumola Veritas fyrir framúrskarandi þjónustu, en þetta var í fyrsta sinn sem hann var veittur. Þjónustumolann fá starfsmenn Veritas samstæðunnar fyrir að veita innri og

ytri viðskiptavinum frábæra þjónustu. Bílstjórarnir eru daglega í framlínu **Distica** og fá reglulega hrós frá viðskiptavinum okkar. Fyrir það erum við afar þakklát



Vefverslun Distica

Við höldum áfram að þróa, bæta og breyta vefverslun **Distica** og þökkum góðar viðtökur. Við bendum viðskiptavinum á að nýta þessa nýju leið til að panta frá okkur vörur í stað þess að hringja eða senda okkur tölvupóst. Í þeim tilfellum þar sem viðskiptavinir þurfa á aðstoð að halda þá er viðskiptaþjónustan að sjálfsögðu til staðar sem fyrr.



Vefspjall Distica

Það er með ánægju sem við tilkynnum ykkur að við höfum tekið enn eitt skref í stafrænni þjónustu og opnað fyrir vefspjall á heimasíðu **Distica**. Á vefspjallinu eru þjónustufulltrúar okkar tilbúnir að svara fyrirspurnum á opnunartíma viðskiptaþjónustu.



Endurvinnsla og umhverfismál

Við í **Distica** erum farin að bagga plast og pappa og fer baggað plast í umhverfisvænni endurvinnslu hjá Pure North. Við höfum sett okkur metnaðar-

full markmið í umhverfismálum og erum stolt af samstarfi okkar við Pure North Recycling sem endurvinnur plast með umhverfisvænum orkugjöfum.

Nýr gæðastjóri/faglegur forstöðumaður



Auður Aðalbjarnardóttir er nýr gæðastjóri/faglegur forstöðumaður hjá **Distica**. Auður hefur víðtæka reynslu úr lyfjageiranum en hún kemur til **Distica**

frá Alvotech þar sem hún gegndi stöðu deildarstjóra á gæðastjórnunarsviði. Áður starfaði hún sem verkefnastjóri

við hönnun og innleiðingu á alþjóðlegu gæðastjórnunarkerfi fyrir Alvogen. Auður leiddi um árabíl þverfaglegt teymi hjá Actavis sem bar ábyrgð á þróun, rannsóknum og skráningu lyfja í fjölda landa. Auk þess hefur hún unnið sem verkefnastjóri í lyfjaskráningum hjá Actavis. Auður er með M.Sc. í líf- og læknisfræði frá Háskóla Íslands og B.Sc í líffræði frá sama skóla.

Við bjóðum Auði velkomna til starfa.

Deildarstjóri vöruhúsa og dreifingar



Oddný Sófusdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri vöruhúsa og dreifingar hjá **Distica** og mun hún taka sæti í framkvæmdastjórn **Distica**. Oddný hefur starfað hjá

Distica frá árinu 2005 og á þeim tíma sinnt ýmsum störfum og stjórnunarhlutverkum innan deildarinnar. Oddný hefur því mikla reynslu af öllu sviðum

vöruhúsareksturs auk þess að hafa verið í fararbroddi í umbótastarfi vöruhúsanna undanfarin ár. Frá 2018 hefur Oddný sinnt hlutverki verkefnastjóra vöruhúsanna auk þess að vera aðstoðardeildarstjóri. Á því tímabili hefur hún bæði tekið þátt í og leitt stór verkefni innan deildarinnar sem m.a. hafa snúið að uppfærslu vöruhúsakerfa og innleiðingu eigin dreifingar **Distica** á höfuðborgarsvæðinu. Oddný er með diplóma í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands.

Nýtt skipulag og betri þjónusta

Distica hefur sameinað innkaupa- og viðskiptaþjónustu með það að markmiði að bæta þjónustu við viðskiptavini og samvinnu innan **Distica**. Guðrún Anna Pálsdóttir mun leiða sameinaða deild.





***Distica er
framúrskarandi
fyrirtæki***



Distica hf.

Hörgatúni 2
210 Garðabæ

www.distica.is